

Hinn áfrýjaði úrskurður í eiðsmálinu og öll meðferð þess á ómerk að vera. Stefndi greiði áfrýjanda 60 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. nóvember 1915.

Nr. 37/1915.

Magnús Sigurðsson
f. h. Die Pommersche-Provinzial-
Zucker-Siederei i Stettin
gegn
h/f. P. J. Thorsteinsson & Co.

D ó m u r :

Samkvæmt kaupseðli dags. 29. jan. 1912 keypti stefndi í þessu máli, hlutafélagið P. J. Thorsteinsson & Co. hér í bænum, af áfrýjanda Die Pommersche-Provinzial-Zucker-Siederei i Stettin meðal annars 400 hálfkassa af melis, 25 kilogr. að þyngd hvern, fyrir 21,75 mörk hver 50 kilogr. komin á skipsfjöl i Stettin í marzmánuði nefnt ár, en ef það drægist fram yfir ákveðinn tíma að sykurinn yrði tekinn, skyldi verðið hækka um $\frac{1}{8}$ marks fyrir hver 50 kilogr. hverja 2 mánuði fram til septembermánaðar, að honum meðtöldum. Það fórst fyrir að stefndi tæki meira af af þessum sykri en $\frac{100}{2}$ kassa, og út af því höfðaði áfrýjandi þetta mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda til skaðabóta fyrir halla, er hann hafði

beðið fyrir sammingsbrigði stefnda, og taldist honum til, að sá halli næmi 1016.66 kr., er hann krafðist dóms fyrir auk 6% ársvaxta frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnaðar. Lauk málinu svo með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 17. des. f. á., að stefndi skyldi greiða áfrýjanda 50 kr. 4 aur. með 6% ársvöxtum frá 31. okt. 1913 til borgunardags, en málskostnaður falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 14. júní þ. á., og eru kröfur hans fyrir yfirdóminum hinar sömu og fyrir undirréttinum, en til vara að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur. Svo krefst hann og málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi krefst af annari hálfu, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og sér dæmdur hæfilegur málskostnaður.

Dómkrafa áfrýjanda er bygð á því, að stefndi hafi, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur áfrýjanda, látið farast fyrir að taka á móti eða ráðstafa umræddum $^{300}/_2$ kössum af sykri og þannig heimildarlaust riftað kaupum. Telur áfrýjandi sig því hafa verið lausan við samninginn að liðnum september 1912, en hann tjáist þó eigi hafa sagt honum upp eða losað stefnda við kaupin fyr en í ágústmán. 1913. En þá hafi gangverð sykurs af því tagi, sem um var samið, verið komið niður í 14,75 mörk. Mismunurinn á þessu verði og hinu umsamda verði 21,25 (á að vera 21,75) mörk krefst áfrýjandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér og ennfremur samkvæmt kaupseðlinum $1/8$ marks hverja tvo mánuði frá apríl 1912 til ágúst.

1913 fyrir hver 50 kílogr., eða $1\frac{1}{8}$ marks allan tímann, svo að áfrýjanda beri samtals $7\frac{5}{8}$ mörk í skaðabætur fyrir hver 50 kílogr. og þá alls fyrir $800\frac{1}{2}$ kassa 1143,75 mörk, eða í hérlendum peningum 1016 kr. 66 aur.

Við útreikning þessarar skaðabótaupphæðar hefir stefndi eigi athugað neitt sérstaklega, en heldur því fram, að hann sé alls eigi skaðabótaskyldur áfrýjanda; kveðst hann hafa verið viðbúinn að taka við öllum sykrunum á réttum tíma og ámint áfrýjanda um að afgreiða hann, en ekki fengið nema $100\frac{1}{2}$ kassa. — Skýrsla áfrýjanda um gangverð á sykri í ágústmánuði 1913 telur stefndi ranga og neitar því, að verðið hafi þá verið lægra en það, sem hann átti að greiða samkvæmt kaupsamningnum.

Með bæjarþingsdómnum var stefndi dæmdur til að greiða framangreinda verðhækkun $\frac{1}{8}$ marks fyrir hver 50 kílogr. mánuðina apríl—sept. 1912 með 50 kr. 4 aur., og kemur þá, eins og málið liggur fyrir, að eins til álita, hvort honum beri að greiða þessa verðhækkun einnig fyrir mánuðina október 1912—ágúst 1913, en hann mótmælir, að heimild sé til þess samkvæmt kaupseðlinum.

Kaupseðilinn ber það með sér, sérstaklega ákvæðið um $\frac{1}{8}$ marks verðhækkun fyrir drátt á móttöku sykursins, að það var stefndi, sem átti að segja til, hvenær, innan tiltekins tímamarks (septemberloka), hann vildi láta senda sér sykurinn, en hann hefir eigi gegn neitun áfrýjanda sannað, að hann hafi gengið eftir sykrunum hjá áfrýjanda, eða verið búinn að taka við honum. Það verður því að lita svo á, að

stefndi hafi átt sök á því, að áminstir $^{800}/_2$ kassar af sykri voru honum eigi sendir, og að honum beri að bæta áfrýjanda samkvæmt kaupseðlinum og almennri verzlunarvenju kostnað þann og tjón, er hann hefir beðið fyrir þessi sammingsbrigði.

Það eru engar skýrslur um það í málinu, hvert gangverð hefir verið á umsamdri sykurtegund í lok septembermán. 1912, þegar áfrýjandi taldi sig lausan við samninginn. Ef gangverðið hefir þá verið jafnhátt, eða hærra en um var samið, gat áfrýjandi selt sykurrinn sér að skaðlausu eða með ábata, og hafi verðið verið lægra, gat hann ráðstafað sykrunum á kostnað stefnda á tíðkanlegan hátt. En í stað þessa hefir áfrýjandi miðað skaðabótakröfu sína við sykurtverðið 11 mánuðum síðar, og hefir hann þannig fengið tækifæri til að færa sér í nyt verðbreytingar á sykri þennan tíma, sér í hag, en stefnda í óhag. En til þessa þykir áfrýjanda hafa brostið heimild, og auk þess hefir hann eigi gegn mótmælum stefnda fært nægar sannanir fyrir því, að gangverð á sykri í ágústmán. 1913 hafi verið lægra en ákveðið var í kaupseðlinum. Það virðist því eigi vera heimild til að taka svo vaxna skaðabótakröfu áfrýjanda til greina.

Um verðhækkunina $1/8$ marks á 50 kílogr. hverja 2 mánuði, sem að sögn áfrýjanda er borgun fyrir geymslu, vinnu, rentutap o. s. frv., segir í kaupseðlinum, að hún skuli ná til septemberloka. En þá taldi áfrýjandi sig lausan við samninginn og þurfti því eigi að geyma lengur sykurbýrgðir handa stefnda eða hafa annan kostnað af þeim. Eftir því verður

að telja það rétt í hinum áfrýjaða dómi, að áfrýjanda er eigi reiknuð þessi verðhækkun lengur en til septembermánaðaloka 1912.

Með því að niðurstaðan þannig verður hér hin sama og í bæjarþingsdóminum og málskostnaðar-ákvæði hans samþykkist, ber að staðfesta dóminn í öllum greinum.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdóminum skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 22. nóvember 1915.

Nr. 21/1915.

Gísli J. Johnsen fyrir hönd
Icelandic Fisheries Ltd.
gegn
Svend J. Norman

D ó m u r :

Í máli þessu, sem höfðað var í héraði og rekið fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu, lögsótti hinn